

Vögguvísur Auðar

Til elsku litlu Auðar
frá ömmu

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir



The image shows two staves of musical notation in 4/4 time, with a key signature of one flat (B-flat). The melody is simple and consists of quarter and eighth notes. The lyrics are written below the notes.

Agn--ar--smá--a Auð--ur mín úti' er nótt---in hljóð----a.
Látt--u aft---ur aug--un þín elsk--u barn---ið góð---a.

Og er dagur aftur skín,
okkur hlýju vendir,
eins og sólin, Auður mín
aftur bros mér sendir.

Guð á himnum gæti þín,
gefi visku og þorið,
yndi og fegurð, ástin mín,
æsku blíða vorið.

